



## Faghópur I

### Fundargerð 14. fundar

Orkustofnun, 1. október 2009, kl. 10:00

**Mætt:** Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Magnús Ólafsson og Sólborg Una Pálsdóttir.

**Forföll:** Kristinn Haukur Skarphéðinsson

#### Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir.** Fundargerð síðasta fundar var frestað til næsta fundar.
2. **Staða gagna og virkjunarkosta.** Þóra kynnti stöðu gagnamála og nú lægi fyrir að væntanlegar lokaskýrslur frá Náttúrufræðistofnun verði ekki tilbúnar í tæka tíð. Þó fengi hópurinn í té drög að skýrslunum í kringum 10. okt. Þá kynnti Þóra það sem fram hafði komið á formannafundi 30. sept. þar sem ræddar voru hugmyndir um grisjun virkjunarkosta. Sveinbjörn Björnsson og faghópur 4 hefðu lagt fram tillögur. Hópurinn fór sameiginlega yfir fyrirbyggjandi lista yfir virkjunarkosti m.t.t. grisjunar.
  - a. **Vatnsaflskostir** (undirstrikuðum kostum verður sleppt):
    - i. Vesturland: Hvítá.
    - ii. Vestfirðir: Gláma, Skúfnavatnavirkjun (metin ef gögn finnast), Hvalá.
    - iii. Norðurland: Blönduveita, Skatastaðavirkjun B og C, Villinganesvirkjun, Fljóthnúksvirkjun, Hrafnabjargarvirkjun A, Eyjadalssárvirkjun, Arnardalsvirkjun, Helmingsvirkjun.
    - iv. Vestur-Skafafellssýsla: Djúpa (kanna þó tiltæk gögn), Hverfisfljót, Skaftárveita með og án miðlunar í Langasjó, Skaftárvirkjun, Hólmsárvirkjun með og án miðlunar, Hólmsárvirkjun við Atley, Markarfljótsvirkjanir A og B.
    - v. Þjórsársvæði: Tungnaárlón, Bjallavirkjun, Skrokkölduvirkjun, Norðlingaölduveita, Búðarhálsvirkjun, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun.
    - vi. Suðurland: Gýgjarfossvirkjun (Þóra kannar tiltæk gögn; ef ónóg þá sleppa), Bláfellsvirkjun, Búðartunguvirkjun, Haukholtsvirkjun, Vörðufell, Hestvatnsvirkjun (?), Selfossvirkjun, Hagavatn.
  - b. **Háhitakostir** (undirstrikuðum kostum verður sleppt):
    - i. Reykjaneskagi: Reykjanes, Stóra Sandvík, Eldvörp/Svartsengi.
    - ii. Krísuvíkursvæði (eitt svæði): Sandfell, Trölladyngja, Sveifluháls, Austurengjahver.
    - iii. Brennisteinsfjöll.
    - iv. Hengilssvæði (eitt svæði); Meitillinn, Gráhnúkar, Hverahlíð, Hellisheiði, Innstidalur, Bitra, Þverárdalur.

- v. Grændalur, Ölfusdalur. (Sitt hvort svæðið.)
- vi. Geysir
- vii. Kerlingafjöll (eitt svæði): Neðri-Hveradalir, Hverabotnar, Kisubotnar (?), Þverfell (?) (Þóra athugar gögn um gróður og lífríki í Kisubotnum og við Þverfell).
- viii. Hveravellir
- ix. Hágöngur, Vonarskarð.
- x. Torfajökulssvæði (eitt svæði): Blautakvísl, Vestur Reykjadalur, Austur Reykjadalur, Ljósártungur, Kaldaklof, Háuhverir, Landmannalaugar.
- xi. Kverfjöll, Askja, Hrúthálsar, Fremrinámar.
- xii. Mývatnssvæði: Bjarnarflag, Krafla-stækkun, Krafla II.
- xiii. Gjástykki, Þeistareykir.

3. **Einkunnagjöf.** Rætt var um einkunnaskala sem nota skal við matsvinnuna. Niðurstaðan varð sú að nota skuli sama skala við mat verðmæta og áhrifa en málið verður frekar rætt á næsta fundi.

0-1 - Lítið/óverulegt

4 - Dálítið

8 - Nokkuð

13 - Mikið

20 - Mjög mikið

4. **Skýringar.** Setja þarf niður skýringar á því t.d. hvað „stærð“, „heild“ og „uppruni“ stendur fyrir varðandi lífverur. Kanna gögn frá 1. áfanga. (Þóra)

5. **Aðferðafræði menningarminja.** Breyta skal eftirtöldum vogtölum viðmiða í mati á menningarminjum.: „Auðgi, fjölbreytni“ fái 0,1 og „stærð, heild, upprunaleiki“ fái 0,3.,

6. **Næsti fundur** verður haldinn 8. okt.

7. **Fundi slitið** kl. 13:30.